

## Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags „Landsímareits“ stgr. 1.140.4

Upphaflegt heildardeiliskipulag svæðisins er deiliskipulag Kvosarinnar, staðgreinireitur 1.410, samþykkt 1.10. 1987, breyting fyrir reitinn „Landsímareit“ var samþykkt í borgarráði 25.07.2013. Svæðið er skilgreint í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem Miðborg M1a Miðborgarkjarni.

Breytingin felst í því að leyfa íbúðum á efri hæðum Aðalstrætis 7 og Vallarstrætis 4 að leigja í skammtímaleigu, gististaður í flokki II



### Tillaga að breyttum texta í skilmálum um Landnotkun/notkunarheimildir:

#### Skilmálar fyrir breytingu:

- Ekki er heimilt að hafa hótelfarfsemi í húsum aðliggjandi Vallarstræti að öðru leyti en því að á 3. og 4. hæð Thorvaldsenstrætis 2 er heimilt að hafa gistirými.

#### Skilmálar eftir breytingu:

- Heimilt er að hafa hótelfarfsemi á efri hæðum húsa aðlægt Vallarstræti m.v. eftirfarandi: á 3. og 4. hæð Thorvaldsenstrætis 2 er heimilt að hafa gistirými. Á efri hæðum Aðalstrætis 7 og Vallarstrætis 4 skulu íbúðir uppfylla skilyrði um almennar íbúðir en heimilt er að leigja þær út í skammtímaleigu sem gististaður í flokki II (Gististaður án veitinga)

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í borgarráði

þann 25. maí 2023 og á emb. afgr. f. skipulagsfulltrúa þann 3. ágúst 2023

Tillagan var auglýst frá 15. júní 2023 með athugasemdafresti til 28. júlí 2023

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_